

Alþingi
Erindi nr. P 141/574
komudagur 15.11.2012

Til **Katrínar Jakobsdóttur**, mennta- og menningarmálaráðherra og
Björgvins G. Sigurðssonar, formanns Allsherjarnefndar Alþingis



Umsögn UNIMA á Íslandi (alþjóðasamtaka leikbrúðufólks) **um frumvarp til sviðslistalaga**. Lögð fram af stjórn UNIMA á Íslandi.

199. mál

Í ljósi þess hve leikbrúðulistin hefur eflst og þróast hér á landi, áhugi á listforminu sem slíku og uppeldislegu gildi þess aukist og menntuðu fólki í leikbrúðulistinni fjölgað, viljum við koma eftirfarandi á framfæri vegna frumvarps til sviðslistalaga:

UNIMA á Íslandi tekur undir tillögur fulltrúaráðs LSÍ (Leiklistarsambands Íslands) varðandi IV. kafla frumvarpsins en leggur auk þess til, að í sambandi við 17. gr. c. verði tilgreint nánar um verklagsreglur. Hvað varðar styrki til einstakra sýninga verði veruleg aukning á styrkjum veitt til barnaleikhúsa, þar sem ¼ hluti þjóðarinnar fellur undir skilgreininguna börn og á hinum Norðurlöndunum er gjarnan miðað við það hlutfall styrkja til barnaleikhúsa. Við vísum einnig til tillögu að menningarstefnu sem hefur verið lögð fyrir Alþingi, þar sem mikil áhersla er lögð á aðgang barna og unglinga að listum og menningu við þeirra hæfi. Við leggjum einnig til, að minnst einn styrkur á ári verði veittur brúðuleikhúsi, en leikbrúðulistin nær bæði til barna- og fullorðinsleikhúss.

Við styðjum sérstaklega tillögu LSÍ um að úthlutun fjár til annarrar starfsemi verði á hendi stjórnar nýs sviðslistasjóðs og jafnframt skýrar kveðið á um í lagagrein en gert er ráð fyrir í frumvarpi, að sjóðurinn geti gert samninga til fleiri en eins árs við atvinnuleikhópa. Þarna leggjum við til að einn slíkur styrkur, til fleiri en eins árs, verði gerður við minnst eitt brúðuleikhús í senn.

Við styðjum auk þess sérstaklega tillögu LSÍ um að Sviðslistasjóður hafi heimild til þess að gera samninga við sjálfstæða sviðslistahópa, sviðslistahátíðir eða aðra lögaðila, en hnykkjum á, að þar geti verið um að ræða leik- óperu- dans- eða leikbrúðustarfsemi.

Í 19. gr. frumvarpsins, um reglubundna óperustarfsemi, hvetur UNIMA eindregið til þess að gerð sé krafa um frumflutning á íslenskum óperum.

Reykjavík 15. nóvember 2012

Virðingarfyllst,

f.h. UNIMA á Íslandi

Messíana Tómasdóttir, formaður